

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis, athafna- og hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis á Grundartanga vestursvæði, Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á athafnasvæði, athafna- og hafnarsvæði og iðnaðarsvæði á Grundartanga vestursvæði, Hvalfjarðarsveit. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008–2020 og breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008–2020, stækkun iðnaðarsvæðis á Grundartanga.

Breytingin varðar breytingu á landnotkun vestursvæðis sem felst í því að breytt er úr iðnaðarsvæði og blandaðri landnotkun iðnaðar- og hafnarsvæðis í athafna- og blandaða landnotkun athafna- og hafnarsvæðis. Austasti hluti vestursvæðis á milli Klafastaðavegar og Mýraholtssvegar er skilgreindur sem iðnaðarsvæði.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvalfjarðarsveit, 25. október 2011.*

**Skúli Lýðsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. október 2011